

Fimmtudaginn 19. janúar 1967.

Nr. 2/1966.

Hjörtur Kristinn Hjartarson

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

gegn

Jóhannesi Gíslasyni f. h. ríkissjóðs

(Sigurður Ólason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. janúar 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. desember 1965. Hann krefst aðallega ómerkingar héraðsdóms, en til vara sýknu af kröfum stefnda, og svo málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjanda.

Jóhannes Gíslason, starfsmaður bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, höfðaði mál þetta í héraði fyrir hönd ríkissjóðs, og hér fyrir dómi hefur áfrýjandi beint málinu gegn honum sem innheimtumanni ríkissjóðs.

Samkvæmt lögum nr. 33/1958 og lögum nr. 10/1960 er bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum innheimtumaður gjalda þeirra, sem dóms er krafist um í máli þessu, og þá jafnframt fyrirvarsmaður ríkissjóðs í dómsmálum varðandi innheimtu gjaldanna, og er eigi í ljós leitt, að öðrum hafi löglega verið falið það fyrirvar.

Er því hvort tveggja, að bæjarfógeta bar samkvæmt 1. tl. 36. gr. og 1. mgr. 37. gr. laga nr. 85/1936 að víkja dómarsæti í málinu og að Jóhannes Gíslason brestur heimild til að gefa í því bindandi yfirlýsingar fyrir dómi. Að svo vöxnu verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm ásamt málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Með hliðsjón af því, að áfrýjandi felldi niður þingsókn í

héraði, svo sem í héraðsdómi greinir, er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 27. nóvember 1964.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 29. október 1964, er höfðað af innheimtumanni ríkissjóðs í Vestmannaeyjum f. h. ríkissjóðs með stefnu, útgefinni 17. júlí 1964, birtri 22. s. m., á hendur Hirti Kristni Hjartarsyni, Hátúni, Vestmannaeyjum, til greiðslu vangoldins söluskatts og útflutningssjóðsgjalds fyrir árin 1959 og 1960, tilfallin á árinu 1961, skv. bréfi skattstjóra, dags. 25. febr. það ár, að fjárhæð kr. 4.599.00 ásamt lögboðnum dráttarvöxtum frá 31. des. 1961 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Gjöldin sundurliðast þannig:

Söluskattur, IV. ársfj. 1960	kr. 800.00
Sama, viðbót 1959	— 1.266.00
Útflutningssjóðsgj., viðbót 1959	— 2.533.00

Alls kr. 4.599.00

Málið er enn fremur höfðað til staðfestingar á kyrrsetningu, sem gerð var hjá stefnda 15. júlí s.l. í útvarpstæki af Philipsgerð og loftþjöppu til tryggingar framangreindum gjöldum.

Stefndi mætti í málinu við þingfestingu 3. sept. s.l. og fékk hálf mánaðar frest til greinargerðar. Er málið kom fyrir 17. sept., lagði hann fram vottorð frá skattstjóra, dags. 14. þ. m., og er þar fram tekið, að á skrifstofu skattstjórans í Vestmannaeyjum finnist engin gögn varðandi álagðan söluskatt og útflutningsgjöld árið 1959 og 1960. Önnur skjöl lagði stefndi ekki fram og enga greinargerð, og engar kröfur voru bókaðar eftir honum. Málinu var svo frestað til 15. október, en þá mætti stefndi ekki. Enn var málinu frestað í 2 vikur, eða til 29. október, en stefndi mætti ekki að heldur. Var þá málið tekið undir dóm, eins og fyrr segir.

Framlagt vottorð skattstjóra leiðir ekki í ljós, að álagning skattstjóra samkvæmt bréfi 25. febr. 1961 sé röng, og þar sem önnur gögn liggja ekki fyrir og engin andmæli hafa komið fram frá hálfu stefnda, þykir bera að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti. Lögboðnir dráttarvextir af söluskatti nema $1\frac{1}{2}\%$ á mánuði, en af útflutningssjóðsgjaldi hafa dráttarvextir verið reiknaðir lægri. Meðan málið var í gangi, reiknaði umboðsmaður fjármálaráðuneytisins út dráttarvexti af gjöldum þessum til 16. nóvember 1964, og námu þeir kr. 1.067.00. Verður stefndi dæmdur til að greiða þá fjárhæð auk $1\frac{1}{2}\%$ dráttarvaxta á mánuði af söluskattinum, kr. 2.066.00, frá 16. des. 1964 til greiðsludags.

Rétt þykir að ákveða, að stefndi greiði kr. 800.00 í málskostnað. Kyrrsetningargerðin frá 15. júlí s. l. staðfestist.

Uppsaga dómsins hefur dregið vegna anna dómaranna við önnur mál og daglega afgreiðslu. Einnig vildi dómarinn gefa stefnda kost á að endurupptaka málið, ef hann vildi, en samkv. viðtali kærði stefndi sig ekki um að sinna því frekar.

Dómsorð:

Ofangreind kyrrsetningargerð er staðfest.

Stefndi, Hjörtur Kristinn Hjartarson, greiði ríkissjóði Íslands söluskatt og útflutningssjóðsgjald, kr. 4.599.00, dráttarvexti, kr. 1.067.00, og auk þess $1\frac{1}{2}\%$ dráttarvexti á mánuði af kr. 2.066.00 frá 16. des. 1964 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.